Borgarstjórn Reykjavíkur
3. nóvember 2026

Breytingartillaga merkt J-1 um hækkun viðmiðunartekna sem koma til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega árið 2027

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega árið 2027 verið eftirfarandi:

Viðmiðunartekjur

I. Réttur til 100% lækkunar
Einstaklingur með tekjur allt að 6.440.000 kr.
Samskattaðir einstaklingar með tekjur allt að 8.970.000 kr.

II. Réttur til 80% lækkunar
Einstaklingur með tekjur á bilinu 6.440.001 til 7.360.000 kr.
Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 8.970.001 til 9.950.000 kr.

III. Réttur til 50% lækkunar
Einstaklingur með tekjur á bilinu 7.360.001 til 8.560.000 kr.
Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 9.950.001 til 11.890.000 kr.

Lagt er til að skilyrði lækkunar fasteignamats og fráveitugjalds fari eftir reglum Reykjavíkurborgar um afslátt af fasteignagjöldum eins og þær eru á hverjum tíma.

Greinargerð:

Lagt er til að viðmiðunartekjur verði hækkaðar um 2,1 % frá tillögu borgarstjóra. Viðmiðunartekjur myndu þar með hækka um 7,3% frá fyrra ári sem er sama hækkun og hækkun bóta almannatrygginga á komandi ári. Greiðslur almannatrygginga fylgja launavísitölu og myndi hækkun viðmiðunartekna til afsláttar á fasteignaskatta og fráveitugjalds um 7,3% koma í veg fyrir kaupmátt tekjulágra lífeyrisþega skerðist. Áætlaður kostnaður vegna tillögunnar nemur 20 m.kr. Fjárheimildir af kostnaðarstað 09205 (ófyrirséð) verði lækkaðar sem breytingunni nemur.